

L Ö G

37

10. maí

um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts skal hlífðarfatakostnaður sá, er um ræðir í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, hækkaður hjá togarasjómönnum um kr. 200.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð, en kr. 300.00 hjá öðrum fiskimönnum.

Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, skulu allir aðrir skipverjar á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslensk fiskiskip í 3 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, kr. 500.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

38

8. maí

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

a. Aftan við 2. tölulið D-liðar 34. gr. laganna komi:

Á hverju þilfarsskipi skal þó, auk annarra björgunartækja, sem ákveðin eru í lögum eða reglugerðum á hverjum tíma, vera gúmbjörgunarbatúr, einn eða fleiri, og sé stærð þeirra miðuð við, að þeir rúmi minnst þá, sem á skipi eru. Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um gerð þeirra og búnað. Skipaskoðunarstjóri veitir þeim, sem hafa ekki þegar aflað sér gúmbáta í skip sín, hæfilegan frest til öflunar þeirra. Með reglugerð um notkun björgunartækja, er